

## L Ö G

15

20. marz

## um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1957, af tekjum ársins 1956, skal veita þeim, er taldir eru í 2. grein þessara laga, sérstaka lækkun á tekjuskatti. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur hjóna með 47 500.00 króna hreinar árstekjur og eitt barn á framfæri skal lækkaður um  $33\frac{1}{3}$  af hundraði. Tekjuskattur allra annarra gjaldenda, sem lög þessi ná til, skal lækkaður um sömu hundraðstölu, ef tekjuskattur þeirra er jafnhár eða lægri en tekjuskattur áðurgreindra hjóna, ef þau nytu eigi skattlækkunarinnar.

## 2. gr.

Skattlækkunarinnar njóta aðeins þeir, er greiða tekjuskatt skv. skattstigum a og b í I. lið 6. gr. laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, þ. e. innlendir og erlendir einstaklingar og hjón, og skal skattlækkun þessi einnig gilda við ákvörðun gjaldársskatta á þessa gjaldendur árið 1957.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. marz 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## A U G L Ý S I N G

16

19. marz

## um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar.

Með erindaskiptum í Madrid hinn 13. febrúar 1957 var viðskiptasamningur Íslands og Spánar frá 17. desember 1949 (Stj.tíð. A. 5/1950) framlengdur óbreyttur til ársloka 1957.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 19. marz 1957.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*